

Vinnuskóli Reykjanesbæjar, hér eftir nefndur verkkaupi og **Skátafélagið Heiðabúar**, hér eftir nefnt verksali gera með sér eftirfarandi

SAMNING

um rekstur smíðavallar í Reykjanesbæ sumarið 2006 fyrir börn á aldrinum 7-12 ára.

1. grein.

Verksali tekur að sér að reka smíðavöll í Reykjanesbæ og sér um allan frágang að starfsemi lokinni (sbr. 5. grein). Staðsetning er á malarvellingum við Hringbraut.

Starfstími smíðavallarins skal vera frá **28.júní** til **27. júlí 2006**, eða samkvæmt nánara samkomulagi samningsaðila. Opnunartími er **kl. 13:00-16:00** mánudaga til fimmtudaga.

2.grein.

Verkkaupi leggur til hluta af nauðsynlegum verkfærum og efni vegna smíðavallar og leggur til geymslu á öllu smíðaeefni. Allan annan kostnað s.s. frekari efniskaup og verkfæra kaup, auglýsingar um innritun og kostnað vegna hennar greiðir verksali.

3. grein.

Verksali hirðir öll þátttökugjöld sem eru að hámarki kr. 3.500.- pr. einstakling. Systkini greiða 4.500.-

4. grein.

Fyrir samning þennan greiðir verkkaupi **kr. 480.000.-** (fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur) og skal fyrirkomulag greiðslu vera eftirfarandi:

1. greiðsla, kr. 200.000.- við undirskrift samnings þessa.

2. greiðsla, kr. 280.000.- þann 15. ágúst 2006 eða þegar verksali skilar skýrslu um starfsemi smíðavallarins til skrifstofu MÍT.

5. grein

Verksali skal skila smíðavallasvæðinu í sama ástandi og það er afhent til hans í byrjun samningstímans og eigi síðar en viku eftir að starfsemi lýkur.

6. grein.

Verkkaupi gerir kröfur um að umsjónarmaður smíðavallarins sé ekki yngri en 25 ára og hafi lágmarkspækingu á smíðavinnu.

7. grein.

Eftirlitsaðili með samningi þessum er forvarnar-og æskulýðsfulltrúi Reykjanesbæjar

8. grein.

Verkkaupi skal leggja til 3 starfsmenn úr Vinnuskóla til aðstoðar á starfstíma smíðavallarins og greiðir Vinnuskóli laun þeirra.

9. grein.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, sitt handa hvorum samningsaðila.

10. grein.

Samning þennan er heimilt að endurskoða hvenær sem er á samningstímanum, ef annar hvor samningsaðila óskar þess.

Reykjanesbæ _____ 2006

f.h. Vinnuskóla

f.h. Heiðabúa